



Reykjavík 15.03.2018

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 14. mars 2018 varðandi eftirfarandi mál.


Götu- og torgsala

Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhirðu og reksturs dags. 6. mars 2018 ásamt tillögu dags. 6. mars 2018 að breyttri samþykkt um götu og torgsölu í Reykjavík sem samþykkt var í borgarráði 7. desember 2017.

Samþykkt

Vísað til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs


Björgvin Rafn Sigurðarson

Fylgiskjöl: bréf umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhirðu og reksturs dags. 6. mars 2018 og tillaga dags. 6. mars 2018

Reykjavík, 6. mars 2018

Til borgarráðs

Tillaga að breyttri samþykkt um götu- og torgsölu sem samþykkt var í borgarráði 7. desember 2017.

Við úrvinnslu og afgreiðslu umsókna götu- og torgsölu vegna starfsársins 2018 -2019 hefur komið í ljós að skilmálar samþykktar eru of þröngir fyrir litla hreyfanlega söluaðstöðu og staðlaðar breiddir hefðbundinnar söluaðstöðu.

Þar sem nýjar tegundir hreyfanlegrar söluaðstöðu t.d. létt reiðhjól og þriggja hjóla bifhjól rúmast illa innan tilgreindra staðsetninga er gerð tillaga um að samþykktinni verði breytt skv. eftirfarandi:

gr. 1 verði breytt þannig að bætt verði við eftir 8 .mgr. eftirfarandi texta.

„Söluaðilar með litla og hreyfanlega söluaðstöðu geta gert tillögur að öðrum sölusvæðum en tilgreind eru í samþykktinni. Götu- og torgsölunefnd er heimilt að samþykkja tillögur um önnur sölusvæði til reynslu í tiltekinn tíma.

Þar sem stöðluð breidd hefðbundinnar söluaðstöðu er gjarnan um og yfir 2 m. er gerð tillaga um að samþykktinni verði breytt skv. eftirfarandi:

gr. 3.2 verði breytt þannig að bætt verði við eftirfarandi texta strax undir töflu 1 - Flokkun söluaðstöðu.

„Götu- og torgsölunefnd er heimilt að víkja frá stærðartakmörkunum í töflu 1 bæði til aukningar og minnkunar eftir því sem aðstæður leyfa á hverjum stað enda tryggi þannig frávik, að tilgangi samþykktar skv.1.gr. 1. mgr. verði náð “

F.h. götu – og torgsölunefndar,

Jóhann S.D. Christiansen
verkefnisstjóri